

Matsviðmið í dönsku við lok 3. stigs samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, sjá nánar hér:

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-20-erlend-tungumal-2024>

A Nemandi getur skilið mjög vel aðalatriði úr kynningum og frásögnum, fylgst án vandkvæða með fjöl- og myndmiðlum, hlustað eftir upplýsingum og unnið úr á margvíslegan hátt. Lesið fyrirhafnarlítið, skilið og unnið með bókmenntir og almennan texta með fjölbreyttum orðaforða af mismunandi miðlum. Er mjög vel samræðuhæfur, notar markvisst föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig bæði lipurlega og áheyrrlega um margvísleg málefni. Getur tjáð sig lipurlega um efni sem hann hefur unnið með, samið sjálfur og æft. Beitt eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi. Getur skrifað skýran og skilmerkilegan samfelldan texta um margvísleg efni og leikið sér með málið. Sýnt fjölbreyttan orðaforða, fylgt af öryggi meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi. Þekkir mjög vel til samfélagsgerðar, fjölbreytts mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði. Greinir auðveldlega á milli helstu afbrigða tungumálsins.

B Nemandi getur skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum, fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum, hlustað eftir upplýsingum og unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. Lesið, skilið og unnið með bókmenntir og almennan texta með fjölbreyttum orðaforða af mismunandi miðlum. Er vel samræðuhæfur, notar föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig áheyrrlega um málefni sem hann þekkir. Getur tjáð sig skipulega um efni sem hann hefur unnið með, samið sjálfur og æft. Beitt nokkuð eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi. Getur skrifað lipran, samfelldan texta og leikið sér með málið. Sýnt fram á góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi. Þekkir til samfélagsgerðar, fjölbreytts mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og greinir á milli helstu afbrigða tungumálsins.

C Nemandi getur skilið nokkuð vel aðalatriði úr kynningum og frásögnum, hlustað eftir einföldum upplýsingum í fjöl- og myndmiðlum og nýtt sér. Lesið, skilið og unnið með auðlesnar bókmenntir og almennan texta með algengum orðaforða af mismunandi miðlum. Er sæmilega samræðuhæfur, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig sæmilega um málefni sem hann þekkir. Getur tjáð sig á einfaldan hátt

um efni sem hann hefur unnið með, samið sjálfur og æft. Beitt sæmilegum framburði, áherslum og hrynjandi. Getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir. Nýtt sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með og fylgt grunnreglum um málnotkun. Þekkir að nokkru leyti til samfélagsgerðar, fjölbreytts mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði. Greinir að einhverju leyti á milli helstu afbrigða tungumálsins.